



Lagt fyrir 356. fund velferðarráðs 19. júní 2019

VEL2019060009

RÁ/kg

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Tímabundin undanþága frá reglum um fjárhagsaðstoð vegna IPS-verkefnis.

Lagt er til að svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða verði bætt við reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á eftir gildistökuákvæði regnanna í 37. gr.:

„Ákvæði til bráðabirgða

Þeir einstaklingar sem taka þátt í tilraunaverkefninu IPS (Individual Placement Support) eiga rétt á undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 12. gr. hvað varðar frádrátt tekna við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar. Heimilt verður að veita undanþágu vegna atvinnutekna sem nema allt að 50.000 kr. á mánuði. Tilraunatímabilið mun standa frá 1. júlí 2019 til 31. desember 2019.“

Greinargerð:

IPS (Individual Placement Support) er starfsendurhæfingarúrræði sem byggir stoðir sínar á gagnreyndum aðferðum. Hugmyndafræði IPS byggir á því að atvinnuráðgjafi vinni markvisst að því að aðstoða einstaklinga við að finna atvinnu við hæfi og veita starfsmanni og vinnuveitenda stuðning í kjölfarið. Markmiðið er að einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu og aðra þjónustu á velferðarsviði fái aukinn stuðning við atvinnuleit og á vinnustað og að vinnuheldni aukist. Mikilvægt er að þeir sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu sjái hag í því að stunda atvinnu sem felur í sér bæði fjárhagslegan og persónulegan ávinning. Aðlögun að vinnumarkaði þarf því að verða einstaklingsmiðuð en þátttaka í verkefninu gefur tækifæri til þess að fólk treysti sér til að taka þessi skref. Markmiðið er að einstaklingarnir fá tækifæri til aðlögunar út á vinnumarkaðinn og um leið að auka lífsgæði þeirra.

Innleiðing IPS hófst á velferðarsviði í mars 2019 og mun standa í tvö ár eða til mars 2021. Til að auka hvata þeirra sem hafa verið á fjárhagsaðstoð til langs tíma til að taka skrefið út á vinnumarkaðinn er lagt til að framfærsla þeirra sem fara í atvinnu í gegnum verkefni á grunni IPS verð ekki skert, krónu á móti krónu eins og gert er ráð fyrir í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð, heldur verði atvinnutekjur allt kr. 50.000 á mánuði undanskyldar frádrætti fjárhagsaðstoðar. Um er að ræða tilraun til sex mánaða fyrir að hámarki 25 þátttakendur á hverjum tíma. Kostnaður við umrædda tillögu nemur

að hámarki 1,25 m.kr. á mánuði eða alls 7, 5 m.kr. á sex mánaða tímabili ef miðað er við að 25 þjónustuþegar nýti sér undanþáguna. Til langs tíma litið er ávinningur verkefnisins mikill. Ef 25 einstaklingar færu í vinnu og þyrftu ekki lengur á fjárhagsaðstoð að halda munu á einu ári sparast 60 mkr. Hámarksframfærslustyrkur einstaklings er 201.269 kr. á mánuði.

Framfærslustyrkurinn er á áætlun miðað við fyrstu 3 mánuði ársins en fjárhagsaðstoð samtals er um 2% yfir áætlun miðað við sama tíma.

Fylgiskjöl:

Jafnréttisskimun.

Minnisblað, dags. 19. júní 2019, með ítarlegri upplýsingum um IPS-verkefnið.